

## YTRA MAT Á FRÍSTUNDASTARFI

### FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN 1000G1



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

Nóvember 2017

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

**Ritun skýrslu og fylgiskjala:**

Sigrún Harpa Magnúsdóttir, ritstjóri

Hulda Valdís Valdimarsdóttir

Valgerður Erna Þorvaldsdóttir

## EFNISYFIRLIT

<b>Inngangur</b> .....	<b>4</b>
Félagasmiðstöðin 100og1.....	4
Greining.....	6
Stjórnun .....	9
Frístundastarf.....	11
Mannauður.....	13
Staðarbragur.....	14
Innra mat .....	15

## INNGANGUR

Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum ytra mats í félagsmiðstöðinni 100og1 sem fór fram í nóvember 2017. Matið var framkvæmt af starfsfólki skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, sem ritar þessa skýrslu, en auk þeirra tók Sigurbjörg Kristjánsdóttir, deildarstjóri unglिंगastarfs í Árseli, þátt í matinu.

**Meginstef ytra mats á frístundastarfi er það sama og á öðrum stofnunum skóla- og frístundasviðs, að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi.**

**Leiðarljós matsins er það sama og sviðsins í heild; að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.**

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á fimm sviðum frístundastarfs:

- I. Stjórnun
- II. Frístundastarf
- III. Mannauður
- IV. Staðarbragur
- V. Innra mat

Með skýrum viðmiðum er leitast við að tryggja, að svo miklu leyti sem slíkt er unnt, að allar félagsmiðstöðvar fái sambærilegt ytra mat. Einnig er gert ráð fyrir að viðmiðin og önnur matsgögn nýtist frístundamiðstöðvum við innra mat.

Ytra matið byggir á niðurstöðum viðtala og rýnihópa starfsfólks, foreldra, barna og unglinga, vettvangsathugunum í félagsmiðstöðinni og skriflegum gögnum frá henni. Vettvangsheimsóknir og rýnihópar fóru að mestu fram dagana 30. október til 3. nóvember 2017.

## FÉLAGASMIÐSTÖÐIN 100OG1

Félagsmiðstöðin 100og1 er við Austurbæjarskóla og er ein af fimm félagsmiðstöðvum í Miðborg, Hlíðum og Vesturbæ sem starfrækt er af frístundamiðstöðinni Tjörninni. Markhópurinn er börn og unglingar í 5.-10.bekk.

Á heimasíðu félagsmiðstöðvarinnar kemur fram að markmið hennar er að bjóða upp á fjölbreytt, skapandi og skemmtilegt starf fyrir börn og unglinga í hverfinu. Í því felst að skapa jákvætt andrúmsloft og umhverfi í frístundastarfi þar sem hægt er að þjálfa lykilmæni hjá börnum og unglिंगum með áherslu á samskipta- og félagsfærni, virkni og þátttöku ásamt styrkingu sjálfsmýndar. Lagt er upp með að bjóða upp á fjölbreytt viðfangsefni í hverjum mánuði sem höfða til ólíkra barna og unglinga með mismunandi áhugasvið og tryggja þeim öruggt umhverfi sem þeim líður vel í. Að auki er mikil áhersla lögð á fræðslu gegn fordómum og forvarnir gegn vímuefnum, að því er fram kemur á heimasíðu.

Þegar matið fór fram bauð félagsmiðstöðin upp á frístundastarf alla virka daga nema fimmtudaga fyrir unglinga í 8.-10. bekk. Mánudaga og miðvikudaga var opið frá kl. 19:30-22:00, þriðjudaga og föstudaga var opið frá kl. 14:30-16:30 og annan hvern föstudag var opið frá kl. 19:30-22:00. Fyrir börn í 5.-7. bekk var opið á miðvikudögum frá kl. 17:00-18:30 fyrir börn í 7. bekk, á

miðvikudögum kl. 14:30-16:00 fyrir börn í 6. bekk og á mánudögum kl. 15:00-16:30 fyrir börn í 5. bekk.

Forstöðumaður 100og1 er Friðmey Jónsdóttir og aðstoðarforstöðumaður er Hrefna Þórarinsdóttir. Aðrir starfsmenn eru þrír.

**Styrkleikar:**

Stjórnendur eru reyndir í starfi og hafa metnað fyrir því að vinna vel. Vel er haldið utan um daglega starfsemi og ábyrgð. Aðgerðaáætlun fyrir starfsárið liggur fyrir og er birt á heimasíðu. Áfangaskýrslur gefa góða mynd af helstu áhersluþáttum í starfinu, hvernig starfið er metið og hvernig þátttaka barna og unglunga er. Áherslur í starfsskrá og stefnu starfsstaðarins birtist m.a. í lýðræðisvinnu með börnunum. Gott samstarf er milli stjórnenda félagsmiðstöðvarinnar og námsráðgjafa grunnskólans. Stjórnendur gera fræðsluáætlun, hvetja starfsfólk til að sækja námskeið og eftirfylgni með nýliðum er hluti af starfi stjórnenda. Samskipti í félagsmiðstöðinni einkennast af jákvæðni, umburðarlyndi og virðingu. Virðing er borin fyrir fjölbreytileika og ólíkum bakgrunni einstaklinga.

Starfsfólk hefur fengið grunnfræðslu og þekkir gildi starfsstaðarins. Farið er eftir móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn og starfsmenn þekkja verklag um tilkynningaskyldu vegna barnarverndarmála. Viðhorf starfsmanna til viðfangsefna er lausnamiðað og á vettvangi sást að starfsfólk notar jákvæð samskipti og virka hlustun í samskiptum við börn og unglunga. Starfsfólk hefur mikinn metnað fyrir starfinu, er vel meðvitað um hlutverk sitt sem fyrirmyndir og hefur trú á getu barna og unglunga. Samstarf starfsfólks er gott og traust ríkir milli þeirra. Það er stolt af starfinu, hefur trú á gæðum þess og er ánægt í starfi. Starfsfólk telur að hæfni þess og þekking nýttist vel í starfi og er jákvætt gagnvart starfinu og þróun þess. Starfsmannahópurinn er með fjölbreyttan bakgrunn og áhugasvið, starfsandinn er mjög góður og starfsfólki kemur vel saman. Því líður vel í vinnunni og gleði og traust einkenna hópinn. Stjórnendur hvetja markvisst til þess að starfsfólk nýti styrkleika sína og hæfileika í starfi og séð er til þess að starfsfólk fái undirbúningstíma auk þess sem starfsmannafundir eru haldnir reglulega. Umhyggja starfsfólks fyrir börnum og unglungum var áberandi á vettvangi og umburðarlyndi og samkennd einkenndi starfið í vettvangsheimsóknum.

Gott samstarf er við foreldra, litið er á þá sem samstarfsaðila og leitað er eftir sjónarmiðum þeirra. Upplýsingastreymi til þeirra er gott og foreldrar eru mjög ánægðir með það. Foreldrum finnst starfið hafa jákvæð félagsleg áhrif á börn/unglinga og viðhorf foreldra til starfsfólks og starfseminnar í félagsmiðstöðinni er mjög jákvætt, þeir segja ábendingum alltaf vel tekið og spurningum er svarað greiðlega. Áætlun um foreldrasamstarf hefur verið gerð.

Fjölbreyttur hópur sækir félagsmiðstöðina sem bendir til þess að komið sé til móts við ólíkar þarfir í starfinu og að virðing sé borin fyrir margbreytileika. Börn og unglungar hafa tækifæri til að taka þátt í fjölbreyttri dagskrá og viðfangsefnum, axla sjálf ábyrgð á einstaka verkefnum og leitast er eftir því að virkja þá sem ekki eru kosnir í unglunga- og nemendaráð til þátttöku í öðrum verkefnum. Lýðræðisleg vinnubrögð við mótun dagskrá með unglungum eru til fyrirmyndar. Börnum og unglungum líður almennt vel í félagsmiðstöðinni, þau finna til öryggis í starfinu og þau telja starfsfólkið góðar fyrirmyndir og finnst gott að leita til þeirra.

## Tækifæri:

Koma ætti á reglulegum fundum með stjórnendum grunnskólans, halda áfram að leggja áherslu á að fulltrúi félagsmiðstöðvarinnar sitji móttökufundi í grunnskólanum vegna barna með annað tungumál en íslensku og barna með sérstakar þarfir, að undangengnu upplýstu samþykkti foreldra. Leggja ætti einnig áherslu á að forstöðumaður sitji nemendaverndarráðsfunði þegar það á við. Rýmingaráæfingar þarf að gera reglulega með börnum og starfsfólki.

Vinna með jafnrétti og margbreytileika ætti að endurspeglast í aðgerðaráætlun félagsmiðstöðvarinnar og skoða ætti hvort tilefni sé til að leita með markvissari hætti eftir skoðunum þeirra sem eiga erfitt með að koma þeim á framfæri, s.s. vegna fötlunar, félagslegrar stöðu eða tungumáls. Virkja ætti börn og unglunga meira í stefnumótun og starfsáætlunavinnu og skrá verklag um hvernig börn og unglingar koma að ákvarðanatöku. Gefa ætti börnum og unglungum tækifæri til að hafa mótandi áhrif á aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar. Lífga mætti upp á húsnæðið með fleiri húsgögnum og jafnvel mála vegg. Betri afmörkun svæða eða fjölnota herbergi myndu auka möguleikana í starfinu umtalsvert og merkja þarf félagsmiðstöðina að utan.

Sóknarfæri liggja í eflingu þróunar-, klúbba- og hópastarfs og að leyfa unglungum að koma með hugmyndir að þeim. Tækifæri eru einnig í að auka aðgengi að skapandi efnivið og auka útiveru/útinámi. Leita ætti leiða til að auka starf fyrir 10-12 ára börn og auka mætti fræðslu um reykingar og önnur vímuefni fyrir börn og unglunga.

Tækifæri liggja í því að hvetja starfsfólk til að nýta styrkleika sína og áhugasvið enn markvissar og gott væri að fara ítarlega yfir starfs- og verklýsingu með nýju starfsfólki. Sóknarfæri liggja í því að bjóða foreldrum uppá viðtöl með formlegum hætti.

## Niðurstöður – yfirlit:

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar þar sem dökkgrænt sýnir mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf, ljósgrænt sýnir gott verklag þar sem flestir þættir eru í samræmi við lýsingu á gæðastarfi, gult þýðir að einhverjir mikilvægir þættir þarfnast úrbóta og rautt að verklag er óviðunandi og uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Stjórnun	Frístundastarf	Mannauður	Staðarbragur
Forstöðumaðurinn sem leiðtogi	Skipulag starfs og starfsaðstæður	Fagmennska starfsfólks	Viðmót og menning
Stjórnun stofnunar	Uppeldi og menntun	Starfsánægja	Velferð og líðan barna
Verklagsreglur og áætlanir	Starfshættir og viðfangsefni		Foreldrasamstarf
Faglegt samstarf	Virk þátttaka og lýðræði		
Þróun og nýbreytni	Mannréttindi og margbreytileiki		

Litirnir í vísbendingunum sýna meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar þar sem:

Dökkgrænt sýnir mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Ljósgrænt gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Gult þýðir að einhverjir mikilvægir þættir þarfnast úrbóta.

Rautt þýðir að verklag er óviðunandi og uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.



**Það sem vel er gert:**

- Stjórnendur eru reyndir í starfi og hafa metnað fyrir því að vinna vel.
- Mikil jákvæðni ríkir gagnvart stjórnendum.
- Í rýnihópi barna og unglunga kom fram að þeim finnst auðvelt að leita til stjórnenda, þau geti treyst þeim og geti auðveldlega haft áhrif á starfið.
- Í rýnihópi starfsmanna kom fram að þeim finnst stjórnunin skýr og auðvelt sé að leita til stjórnenda og að hafa áhrif.
- Starfsfólk hittist á vikulegum fundum þar sem það getur m.a. komið sínum hugmyndum á framfæri.
- Stjórnendur hvetja markvisst til þess að starfsfólk nýti styrkleika sína og hæfileika í starfi.
- Foreldrum finnst samskipti við stjórnendur vera góð, auðvelt sé að ná í þá og þeim finnst starfið mjög faglegt.
- Foreldrar telja starfið byggja á lýðræðislegum hugmyndum.
- Starfsfólk hefur fengið grunnfræðslu og þekkir gildi starfsstaðarins.
- Lýðræðisáhersla birtist vel í starfi félagsmiðstöðvarinnar, m.a. með áherslu á vinnu við Barnasáttmálann og mótun dagskrár.
- Vel er haldið utan um daglega starfsemi og ábyrgð.
- Áfangaskýrslur hausts og vors gefa góða mynd af helstu áhersluþáttum í starfinu, hvernig starfið er metið og hvernig þátttaka barna og unglunga er.
- Persónuupplýsingar eru vistaðar á lokuðu svæði á sameign.
- Samstarf við frístundamiðstöðina Tjörnina er gott.
- Séð er til þess að starfsfólk fái undirbúningstíma.
- Farið er eftir móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn þegar þeir hefja störf.
- Góður stuðningur er við starfsfólk, m.a. með grunnfræðslu Tjarnarinnar að hausti.
- Farið er yfir siðareglur starfsmanna í grunnfræðslu Tjarnarinnar.
- Áhersla er á að unglingar séu með í að ráðstafa fjármagni í þeim verkefnum sem þeir taka þátt í.
- Aðgerðaáætlun fyrir starfsárið liggur fyrir og er birt á heimasíðu á aðgengilegan hátt.
- Starfsfólk þekkir aðgerðaráætlunina og vinnur út frá henni.
- Rýmingaráætlun er sýnileg á vettvangi.
- Verklagsreglur og áætlanir eru aðgengilegar starfsmönnum.
- Forvarnarstefna Reykjavíkurborgar er höfð til hliðsjónar við gerð aðgerðaráætlunar.
- Starfsmenn þekkja verklag um tilkynningaskyldu vegna barnarverndarmála.
- Traust og gott samstarf er í starfsmannahópnum og það einkennist af vináttu.
- Upplýsingastreymi til starfsfólks er gott og fundir eftir hverja vakt eru gagnlegir að mati starfsmanna.
- Hugmyndum starfsfólks er vel tekið og það er hvatt til framkvæmda.
- Starfsmannahópurinn er jákvæður, sýnir frumkvæði og hefur styrkleika á misjöfnum sviðum.
- Lýðræðisleg vinnubrögð við mótun dagskrá með unglungum eru til fyrirmyndar.
- Gott samstarf er við foreldra, litið er á þá sem samstarfsaðila og leitað er eftir sjónarmiðum þeirra.
- Upplýsingastreymi til foreldra er gott og foreldrar eru mjög ánægðir með það.
- Gott samstarf er milli stjórnenda félagsmiðstöðvarinnar og námsráðgjafa grunnskólans.
- Stjórnendur félagsmiðstöðvarinnar hafa fengið vitneskju um eineltismál í unglingadeild og komið að úrlausn þeirra mála.

- Markvisst er unnið að umbótum í starfinu með hag barna/unglinga að leiðarljósi.
- Starfsmannafundir eru haldnir reglulega.
- Vandaðar áfangaskýrslur liggja fyrir, þar sem rýnt er í starfið og það endurskoðað.
- Forstöðumaður metur áhuga starfsmanna og þörfina á símenntun og gerir fræðsluáætlun út frá því.
- Stjórnendur hvetja starfsfólk til að sækja námskeið.
- Starfsfólk hefur jákvætt viðhorf til þess að leita fjölbreyttra leiða í starfi.
- Eftirfylgni með nýliðum er hluti af eftirfylgni stjórnenda.

### **Tækifæri til umbóta:**

- Huga þarf að því að starfsfólk sem byrjar að vinna á vorönn fá einnig grunnfræðslu fljótlega eftir að það hefur störf.
- Rýmingaræfingar þarf að gera reglulega með börnum og starfsfólki.
- Stjórnendur 100og1 ættu að halda áfram að leggja áherslu á að fá að sitja móttökufundi grunnskólans vegna barna með annað tungumál, að undangengnu upplýstu samþykkti foreldra.
- Leggja ætti áherslu á að forstöðumaður fái að sitja skilafundi vegna barna með sérstakar þarfir þegar það á við, að undangengnu upplýstu samþykki foreldra.
- Leggja ætti áherslu á að forstöðumaður sitji nemendaverndarráðsfundi þegar það á við.
- Æskilegt er að stjórnendur félagsmiðstöðvarinnar fái upplýsingar um eineltismál sem koma upp hjá nemendum á miðstigi í grunnskólanum, ef börnin hafa sótt félagsmiðstöðina.
- Koma ætti á reglulegum fundum með stjórnendum grunnskólans.
- Tækifæri liggja í að fara af stað með þróunarverkefni og/eða klúbbastarf.

**Það sem vel er gert:**

- Mjög gott upplýsingaflæði er til foreldrar og barna/unglinga.
  - Starfsfólk tekur virkan þátt í starfinu og leggur sig fram um að kynnast og ná til barna og unglunga.
  - Húsnæðið er spennandi og öðruvísi og býður upp á marga möguleika.
  - Hugbúnaðurinn Mentimeter er notaður til að auðvelda unglungum að koma sínum hugmyndum á framfæri við dagskrárgerð.
  - Umhyggja starfsfólks fyrir börnum og unglungum er áberandi og umburðarlyndi og samkennd einkenna starfið.
  - Börn og unglingar fá skýr skilaboð um að allir séu ólíkir og að virðing sé borin fyrir fjölbreytileikanum.
  - Markvisst er unnið með Barnasáttmálann með 10-12 ára börnunum og Barnasáttmálinn er sýnilegur í félagsmiðstöðinni.
  - Börn og unglingar hafa tækifæri til að taka þátt í fjölbreyttri dagskrá og viðfangefnum í starfi félagsmiðstöðvarinnar.
  - Starfsfólk er virkt í starfinu, tekur þátt með börnunum/unglingunum, er til staðar og hlustar eftir sjónarmiðum þeirra og skoðunum.
  - Börnum og unglungum finnst auðvelt að koma hugmyndum sínum á framfæri við starfsfólk og að hafa áhrif á starfið í félagsmiðstöðinni.
  - Starfsfólk leitar markvisst eftir hugmyndum barna og unglunga um viðfangsefni og fyrirkomulag viðburða.
  - Leitast er eftir því að virkja þá sem ekki eru kosnir í unglunga- og nemendaráð til þátttöku í öðrum verkefnum, s.s. ýmsum nefndum.
  - Börn og unglingar axla sjálf ábyrgð á einstaka verkefnum en fá aðstoð hjá starfsfólki þegar á þarf að halda.
  - Hvatt er til samfélagslegrar virkni, s.s. með söfnun fyrir góð málefni, undirskriftasöfnun Amnesty International og þátttöku í ungmennaráði.
  - Fjölbreyttur hópur sækir félagsmiðstöðina sem bendir til þess að komið sé til móts við ólíkar þarfir í starfinu og að virðing sé borin fyrir margbreytileika.
  - Starfsfólk sýnir börnum og unglungum virðingu og leggur sig fram við að mynda tengsl við börn og unglunga.
- Starfsfólk veitir þeim stuðning sem á þurfa að halda eftir fremsta megni.

**Tækifæri til umbóta:**

- Betri afmörkun svæða eða fjölnota herbergi myndu auka möguleikana í starfinu umtalsvert.
- Lífga mætti upp á húsnæðið með fleiri húsgögnum og jafnvel mála vegg.
- Merkja þarf félagsmiðstöðina að utan.
- Betra aðgengi að skapandi efniðvið.
- Tækifæri eru að vinna markvisst út frá forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar (sjá [http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni\\_forvarnastefna\\_reykjavikur\\_net\\_1.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni_forvarnastefna_reykjavikur_net_1.pdf)) og Heilsueflandi félagsmiðstöðvar (sjá [http://reykjavik.is/sites/default/files/skjol\\_thjonustulytingar/heilsuefling\\_felagsmidstodvar\\_okt2016.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulytingar/heilsuefling_felagsmidstodvar_okt2016.pdf)).
- Tækifæri felast í hlutlægum markmiðum og aðgerðum í framhaldi af því að staða hópa og/eða einstaklinga er metin.
- Sóknarfæri eru í að auka skapandi starf og útiveru/útinám.

- Skoða mætti að nota Mentimeter við dagskrárgerð fyrir 10-12 ára börnin eins og unglunga.
- Tækifæri eru að auka fræðslu um heilbrigðan lífstíl.
- Sóknarfæri liggja í eflingu klúbba- og hópstarfs.
- Skrá ætti verklag um hvernig börn og unglingar koma að ákvarðanatöku í starfinu.
- Virkja börn og unglunga meira í stefnumótun og starfsáætlunarvinnu félagsmiðstöðvarinnar og gefa þeim fleiri tækifæri á að hafa mótandi áhrif á aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar.
- Sóknarfæri liggja í að leyfa unglingum að koma með hugmyndir að hópstarfi.
- Auka ætti upplýsingaflæði milli félagsmiðstöðvar og grunnskóla vegna nýrra barna og barna með sérþarfir.
- Vinna með jafnrétti og margbreytileika ætti að endurspeglast í aðgerðaráætlun félagsmiðstöðvarinnar.
- Skoða ætti hvort tilefni sé til að leita með markvissari hætti eftir skoðunum þeirra sem eiga erfitt með að koma þeim á framfæri, s.s. vegna fötlunar, félagslegrar stöðu eða tungumáls.

**Það sem vel er gert:**

- Starfsfólk sýnir starfinu áhuga og er jákvætt gagnvart því og þróun þess.
- Starfsfólk finnur fyrir trausti frá yfirmönnum.
- Starfsfólk hefur mikinn metnað fyrir starfinu, er vel meðvitað um hlutverk sitt sem fyrirmyndir og hefur trú á getu barna og unglunga.
- Viðhorf starfsmanna til viðfangsefna er lausnamiðað og starfsfólk notar jákvæð samskipti og virka hlustun í samskiptum við börn og unglunga.
- Samstarf starfsfólks er gott, traust ríkir milli þeirra og þeim finnst gaman að koma í vinnuna.
- Allt starfsfólk er virkt í starfi með börnum/unglingum og samstarf og samábyrgð einkennir starfið.
- Starfsfólk er stolt af starfinu, hefur trú á gæðum þess og er ánægt í starfi.
- Starfsfólk telur að hæfni þess og þekking nýtist vel í starfi.
- Starfsmannahópurinn er með fjölbreyttan bakgrunn og áhugasvið.
- Starfsandinn er mjög góður og starfsfólki kemur vel saman.
- Starfsfólki líður vel í vinnunni og gleði og traust einkennir hópinn.
- Stjórnendur hrósa starfsmönnum.
- Starfsfólk veit til hvers er ætlast af því.

**Tækifæri til umbóta:**

- Tækifæri liggja í því að hvetja starfsfólk til að nýta styrkleika sína og áhugasvið enn markvissar.
- Gott væri að fara ítarlega yfir starfs- og verklýsingu með nýju starfsfólki.

### Það sem vel er gert:

- Samskipti í félagsmiðstöðinni einkennast af jákvæðni, umburðarlyndi og virðingu.
- Virðing er borin fyrir fjölbreytileika og ólíkum bakgrunni einstaklinga.
- Áhersla er á að taka vel á móti öllum sem koma í félagsmiðstöðina.
- Unnið er út frá lýðræði í starfi með börnum og unglingum.
- Unnið hefur verið með gildi starfsstaðarins á markvissan hátt.
- Börn og unglingar telja starfsfólkið góðar fyrirmyndir.
- Börnum og unglingum líður almennt vel í félagsmiðstöðinni.
- Starfsfólkið hefur trú á getu og hæfni barna/unglinga.
- Jákvætt og gott andrúmsloft er í félagsmiðstöðinni og umburðarlyndi er ríkjandi.
- Upplifun barna/unglinga á starfinu er mjög jákvæð.
- Börn/unglingar finna til öryggis í starfinu.
- Gott upplýsingaflæðið er frá félagsmiðstöðinni og dagskrá hennar er vel kynnt.
- Í starfinu ríkir gagnkvæm virðing og samkennd þar sem allir virða alla.
- Starfsfólk veit að það er fyrirmynd barna/unglinga í sínu starfi.
- Börn og unglingar eiga greiðan aðgang að starfsmönnum og finnst gott að leita til þeirra.
- Börn/unglingar segja starfsfólkið skilningsríkt og tilbúið að aðstoða.
- Tekið er tillit til ólíkra sjónarmiða þegar leysa þarf úr málum barna/unglinga.
- Viðhorf foreldra til starfsfólks og starfseminnar í félagsmiðstöðinni er mjög jákvætt.
- Viðmót starfsmanna er mjög gott, aðgengi að þeim er gott og stjórnendur eru faglegir í starfi.
- Ábendingum foreldra er vel tekið og spurningum er svarað greiðlega.
- Upplýsingaflæði til foreldra er mjög gott.
- Áætlun um foreldrasamstarf hefur verið gerð.
- Foreldrum finnst starfið hafa jákvæð félagsleg áhrif á börn/unglinga.

### Tækifæri til umbóta:

- Lagt er til að almennar reglur séu betur kynntar fyrir börnum/unglingum og gerðar sýnilegar á heimasíðu.
- Sóknarfæri liggja í því að bjóða foreldrum upp á viðtöl með formlegum hætti.
- Leita ætti leiða til að auka starf fyrir 10-12 ára börn.
- Merkja ætti félagsmiðstöðina að utan.

## INNRA MAT

Engar athugasemdir eru gerðar við þennan matsþátt og hvorki dregið fram það sem vel er gert né það sem betur má fara þar sem innra mat hefur ekki ennþá verið innleitt með formlegum hætti í frístundastarf.